

Ytra mat grunnskóla Brekuskóli Akureyri

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Akureyrarkaupstað.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Unnar Þór Bøðvarsson
© Menntamálastofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-70-1

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Brekkuskóla sem fór fram á haustönn 2015. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *skólabragur*.

Stjórnun

Skólastjóri stuðlar að samhljómi meðal kennara, nemenda, starfsfólks og foreldra um stefnu og starfs-hætti. Starfsþróunarsamtöl eru sett upp fyrir alla starfsmenn. Stjórnendur hvetja starfsfólk til samvinnu og samráðs. Agastjórnun í Brekkuskóla byggir á agastefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“ og mótar stefnan mjög umgengnisvenjur og öll samskipti manna í skólanum. Námsáætlanir /námsvísar eru til staðar og gefa góðar upplýsingar um nám bekkja og námshópa fyrir skólaárið 2015–'16. Jafnréttisáætlun er til staðar í Brekkuskóla.

Leggja þarf vinnu í að skipuleggja efnistöð í starfsáætlun með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá. Einnig þarf að gera námsáætlanirnar aðgengilegar hagsmunaaðilum og birta í skólanámskrá eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Gæta þarf þess að allir fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega valdir til tveggja ára í senn og hafa fundargerðir ráðsins aðgengilegar á heimasíðu.

Nám og kennsla

Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi og leitast við að hver nemandi fái nám og kennslu miðað við hæfni og þroska einstaklingsins. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt.

Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í kennsluáætlunum/námsvísunum og sjást í starfi skólans og námi nemenda. Samþætting námsgreina er til staðar á öllum stigum og námsmat fer fram með fjölbreyttum hætti.

Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda sem þeir koma á framfæri á ýmsan hátt svo sem á bekkjarfundum, á skólaþingum, í nemendaráði og skólaráði. Nemendur og foreldrar eru upplýstir og taka þátt í að ákveða form og eðli sérúrræða eins og kostur er.

Birta þarf skólanámskrá í heild sinni á heimasíðu, sbr. viðmið í aðalnámskrá, þ.m.t. námsvísa/árganganámskrár. Huga þarf að því að gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og náms-eininga í heild sinni og hvetja til meiri umræðna og skoðanaskipta sem hluta af námi og kennslu.

Innra mat

Í stefnu og sýn Brekkuskóla kemur fram að allir þættir skólastarfsins skuli stöðugt metnir og þróaðir. Reglulegt innra mat fer fram á ýmsum þáttum þess þó það sé ekki kerfisbundið. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni.

Kynningar úr innra mati fara fram á kennara- og starfsmannafundum og umbætur ræddar. Skólaráð tekur þátt í umræðu um þróun og umbætur í skólastarfi í kjölfar innra mats.

Gera þarf langtímaáætlun um innra mat og birta á heimasíðu þar sem kemur fram að allir þættir skólanámskrár eru metnir. Skipa þarf matshóp sem skipaður er fulltrúum hagsmunaaðila skólans og birta á heimasíðu.

Birta þarf greinargerðir og áætlanir um innra mat á heimasíðu og kynna formlega öllum hagsmunaaðilum. Gera þarf umbótaáætlun byggða á niðurstöðum úr inna mati með viðmiðum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og hvenær meta á umbætur.

Skólabragur

Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag, bæði með þeim einkunnarorðum sem skólasamfélagið hefur sett sér svo og með gildum sem unnið er eftir skv. Uppbyggingarstefnunni. *Skólabragurinn* einkennist af samvinnu og ábyrgð allra í skólasamfélaginu.

Hagsmunir nemenda eru ævinlega í fyrirrúmi og áhersla á jafnan rétt allra. Eineltisáætlun er til staðar og virk í notkun og allir nemendur fá fræðslu um forvarnir. Jafnréttisáætlun nær til ársins 2017 og henni fylgir nákvæm aðgerðaráætlun. Bekkjarreglur eru unnar í samstarfi nemenda og umsjónarkennara og sýnilegar í öllum skólastofum.

Fulltrúar nemenda í skólaráð og nemendaráð eru kjörnir með lýðræðislegum hætti og raddir nemenda heyrast víðar svo sem á bekkjarfundum og á skólapingum.

Huga þarf að því að allir hagsmunaaðilar eigi hlutdeild í endurskoðun almennra skólareglna og þær séu kynntar og ræddar reglulega. Ákjósanlegt er að umsjónarkennarar hafi regluleg samtöl við nemendur, t.d. einu sinni á önn, þar sem rætt er einslega við þá um nám og líðan.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Brekkuskóla. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Unnari Þór Böðvarssyni og fór fram á vettvangi á tímabilinu 2.-6. nóvember, 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Brekkuskóla voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfalli var skólabragur. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólafélagum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Lítið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til 2016 til þess að innleiða einn kaflahluta, það er kafla 9.4. þar sem getið er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýni-viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull undanfarin sex ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneytið lét fara fram árið 2007 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Kynnigargfundur var haldinn 2. nóvember fyrir allt starfsfólk. Þar voru forsendur matsins kynntar, sem og

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

framkvæmdin. Þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Sama dag voru rýnihópafundir með foreldrum og skólaráði. Dagana á eftir tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 2.-6. bekk og hins vegar 7.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann og staðgengil skólastjóra. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var beint til allra rýnihópanna og einnig var rætt einstaklingslega við námsráðgjafa vegna hans.

Vettvangsathugunin stóð yfir í fimm daga, þ.e. 2.- 6. nóvember, 2015. Farið var í 33 kennslustundir hjá jafn mörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, ensku, smíði, íþróttum og leiklist, auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Í þessari viku einkenndist kennslan að hluta til af því að undirbúningur fyrir árshátíð stóð yfir. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dags og fá endurgjöf og nýttu um 90% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli vettvangsathugana og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Brekuskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Brekuskóli var stofnaður árið 1997 með sameiningu Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskóla Akureyrar. Það má því segja að hann sé ungur að árum og saga hans ekki talin í tugum ára.

Brekuskóli er í samstarfi við leikskólann Hólmasól og milli þeirra er skráð og virkt samstarf sem lesa má um í starfsáætlun skólans. Á vorönn koma 5 ára nemendur í heimsókn í þrjú skipti og síðan er þeim boðið í vorskóla tvo daga í lok maí. Síðari vorskóladaginn er haldinn kynningarfundur fyrir foreldra þar sem kynnt er skipulag og starf fyrsta skólaárið.

Öllum nemendum í 10. bekk Brekkuskóla er boðið í heimsókn í Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri. Í þessum heimsóknum eru námsbrautir skólanna kynntar, skólarnir skoðaðir og farið yfir inntökuskilyrði hvernar deildar. Námsráðgjafar MA og VMA bjóða upp á fræðslufund fyrir foreldra þar sem skólarnir eru kynntir.

Starfandi er nemendaráð þar sem sitja fulltrúar úr 8.-10. bekk og vinnur það að ýmsum hagsmunamálum og félagsmálum nemenda. Í ráðinu sitja fjórir nemendur úr hverjum árgangi. Nemendur í 1.-4. bekk eiga kost á gæslu að skólatíma loknum.

Samskipti foreldra og skóla eru með ýmsum hætti. Má þar nefna að á haustin eru foreldrar barna í 1., 5. og 8. bekk boðaðir í heimsókn tvo seinniparta þar sem markmiðið er fyrst og fremst að foreldrahópurinn kynnist og kynnist nemendahópnum. Þetta ferli hefur fengið nafnið *1-5-8 uppbyggingarstefnan og foreldrar – bekkjarbragur*.

Ekki eru skráð tengsl við aðila í grenndarsamfélagi en þó eru t.d. unnin verkefni í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri. Þá hefur Tónlistarskólinn á Akureyri aðstoðu í skólanum og geta nemendur farið úr tímum í grunnskóla til að sækja nám í hljóðfæraleik.

Nemendur á unglíngastigi geta tekið þátt í tólmstundastörfum í félagsmiðstöðinni Tróju og einnig eru hópar starfandi þar af miðstigi skólans.

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru: *menntun, gleði, umhyggja, framfarir*. Lögð er áhersla á að þessi hugtök setji mark sitt á allt starf í skólanum og hvert og eitt er útskýrt frekar í starfsáætlun. Á heimasíðu skólans er fjallað um hlutverk hans og markmið sem varða innri störf, fjármál, starfsmenn og stefnu almennt. Þá hefur skólinn einnig sett sér framtíðarsýn þar sem áréttað er að Brekkuskóli veiti nemendum og foreldrum framúrskarandi þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á virkni foreldra og samstarf við nærsamfélagið.

Skólinn hefur innleitt stefnuna *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga* (e. restitution – self discipline) sem er eins og nafnið bendir til, aðferð við að kenna börnum og unglíngum sjálfstjórn og sjálfsaga. Þá er skólinn þátttakandi í forvarnarverkefni gegn einelti; *Olweusaráætlun*.

Brekuskóli er einn af sex skólum, frá jafnmörgum löndum, sem eru að hefja vinnu við þriggja ára samstarfsverkefni sem styrkt er af „The Erasmus + School Partnership“ (áður Comenius) og er fjármagnað af Evrópusambandinu. Verkefnið hefur hlotið nafnið *Learn, Create and Communicate – Lærum, sköpum og spjöllum* og byggir, eins og nafnið bendir til á því að nemendur læra um þjóðir og menningu samstafslandanna, skapandi hugsun og vinnubrögð og þjálfast í að hafa samskipti sín á milli í gegnum nútíma margmiðlun.

Brekuskóli fékk styrk í haust til þess að taka þátt í verkefninu *Forritarar framtíðar* þar sem kennarar fá þjálfun í að kenna forritun.

Á síðasta ári hófst þróunarverkefni sem nefnist *Rafrænt nám* í Brekkuskóla. Verkefnið gengur út á að þróa aðferðir til að auka fjölbreytni í námi og kennslu með aðstoð tölvu- og upplýsingatækni. Verkefninu er skipt í sex megin viðfangsefni; námsgreinin upplýsinga- og tölvutækni og skólanámskrá, skóla-samfélagið og aðalnámskrá, rafrænar námsbækur, kennsluhættir, rafræn námsgrein og sérkennsla með UST. Einn liður í því er Nordplusverkefni sem er samstarfsverkefni Brekkuskóla og annarra skóla í Noregi og Lettlandi og þar er áhersla á að kennarar og nemendur læri saman og hver læri af öðrum.

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Byrjendalæsi* sem er unnið í samvinnu við Háskólann á Akureyri og er fyrir 1. og 2. bekk og einnig verkefninu *Orð af orði* sem hefur verið í þróun í skólanum allt frá árinu 2007.

Stefna skólans byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar en hún er byggð á fjórum hornsteinum. Þessir hornsteinar eru; *þekking – leikni – virðing – vellíðan*. Þegar stefnur skólans og bæjarins eru bornar saman sést að þær eru samofnar.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 79. Stjórnendur eru 3. Við skólann starfa 40 kennarar, allir með full kennsluréttindi. Sérkennarar eru þar af 5. Aðrir sérfræðingar eru þroskaþjálfari í 50 % stöðu og námsráðgjafi í 100 % stöðu. Annað starfsfólk er því 26 talsins.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 15% af starfsmönnum skólans. Síðustu ár hefur verið stöðugleiki í starfsmannahópnum.

Sérhæfing starfsmanna fær að njóta sín. Í list og verkgreinum eru sérmenntaðir kennarar og sama gildir um faggreinakennslu elstu nemenda skólans. Hluti sérkennara skólans er með mikla framhaldsmenntun á sviði sérkennslu.

Nemendur

Í Brekkuskóla eru 485 nemendur á haustönn 2015. Meðalstærð bekkja er 20 nemendur (frá 15 - 28). Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	48	47	47	48	53	52	58	35	43	54
Bekkjardeildir	3	3	3	2	2	2	3	2	2	2

Þeir nemendur sem fá skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, eru 48. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eru 15. Nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi eru 4.


Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2010-2015

4. bekkur




Mynd 1. Meðaltalsárangur nemenda í 4. bekk sl. sex ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið talsvert sveiflukennd síðustu sex árin. Allt frá því að vera töluvert langt fyrir neðan landsmeðaltal í stærðfræði árið 2012 og aftur nú 2015 og upp í það að vera marktækt fyrir ofan meðaltal, í íslensku, bæði við upphaf og lok þessa sex ára tímabils.

Nemendafjöldi sömu ár hefur verið frá 54 nemendum í árgangi þegar flest var árið 2012 og niður í 35 nemendur árið áður. Yfirleitt hefur þátttaka í prófinu verið mjög góð, allt upp í 100%, oftast vel yfir meðaltali eða um 94% þegar landsmeðaltalið er um 89%.

7. bekkur



Mynd 2. Meðaltalsárangur nemenda í 7. bekk sl. sex ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Frammistaða nemenda í sjöunda bekk í íslensku síðustu sex árin hefur alltaf verið yfir meðaltali og marktækt yfir fyrri hluta tímabils. Frammistaðan í stærðfræði hefur hins vegar dalað nokkuð frá því að vera marktækt yfir meðaltali árið 2010 og síðan marktækt undir meðaltali árið 2014 en hækkaði nokkuð árið 2015.


Fjöldi í árgöngum hefur verið allt frá 66 nemendum þegar flest var árið 2010 og niður í 39 nemendur árið 2014. Þátttaka í prófum er yfirleitt góð og allt upp í 100% nema síðastliðin tvö ár þegar hún var um 85% árið 2014 og árið 2015 var þátttaka 82% þegar landsmeðaltal er um 89%.

Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftöku í 4. og 7. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 4. og 7. bekkjar prófin eru settar fram og metnar eftir því hvort þær eru *minni*, *svipaðar* eða *meiri* en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Framfaratölur vegna samræmdra könnunarprófa 2015 eru ekki komnar við ritun skýrslunnar. En þegar skoðaðar eru framfarir nemenda árið 2014 kemur fram að í 7. bekk í Brekkuskóla í íslensku eru þær góðar, þar eru t.d. 24% nemenda sem fara í flokkinn meiri framfarir þegar landsmeðaltal er 16%. Í stærðfræði eru aðeins *minni framfarir*, þar fara 26% í flokkinn *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 17% og að sama skapi færri í meiri framfarir eða 10% þegar meðaltalið er 16%.

10. bekkur



Mynd 3. Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk árin 2010-2015. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróunina þessi ár.

Frammistaða nemenda í tíunda bekk árin 2010-2015 er nokkuð misjöfn í öllum þremur greinunum. Íslenskan hefur verið mjög sveiflukennd. Þannig var hún í byrjun tímabils, þ.e. árið 2010, langt yfir ofan landsmeðaltal en hrapar síðan niður næsta ár, næstu tvö yfir meðaltali og árið 2014 marktækt undir landsmeðaltali en er í lok tímabils marktækt yfir meðaltali. Stærðfræðin og enskan hafa allan tímann verið yfir landsmeðaltali ef frá er talið árið 2014 og áberandi hve enskan er marktækt yfir meðaltali í lok tímabils.

Fjöldi nemenda í árgangi er frá 37 þegar fæst var árið 2010 og upp í 64 í árgangi árið 2013. Fyrstu þrjú árin er þátttaka góð og upp í 100% en síðari hluta tímabils nálægt landsmeðaltal sem er 89%.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli prófa í 7. og 10. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 7. og 10. bekkjar prófin eru settar fram og metnar eftir því hvort þær eru *minni*, *svipaðar* eða *meiri* en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Framfarir nemenda 10. bekkjar skólans milli prófa árið 2014 í íslensku sýna að áberandi fleiri lenda í flokknum „*minni framfarir*“ heldur en landsmeðaltal sýnir. Í Brekkuskóla eru 41% sem eru í þeim flokki en landsmeðaltalið er 18%. Að sama skapi eru 3% sem sýna *meiri framfarir* þegar landsmeðaltalið er 19%. Framfarir í stærðfræði eru hins vegar nær landsmeðaltali í öllum flokkum þó eru 9% sem sýna *meiri framfarir* þar sem landsmeðaltalið er 16%.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2015-2016 er árlegur skólatími 178 dagar. Kennsludagar eru 170 en tíu svokallaðir „aðrir skóladagar“ eru átta vegna þess að tvívegis yfir skólaárið eru „langir dagar“, annars vegar árshátíð og hinsvegar skólaslit. Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur

skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og skólanefnd, til eins árs í senn. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Forfallastundir á vorönn 2015 voru samtals 799, þar af voru 670 mannaðar kennurum en aðrar stundir voru nemendur á bókasafni í umsjón bókasafnsvarðar og í örfáum stundum var felld niður kennsla hjá 8.-10. bekk.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skóladeild Akureyrarbæjar og til Fjölskyldudeildar bæjarins og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I – Stjórnun

Í skólastefnu Brekkuskóla sem er birt á heimasíðu skólans kemur fram að vinna skuli að því í samstarfi við heimilin að búa nemendur undir líf og starf, að hjálpa þeim að finna og nýta hæfileika sína og stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði þeirra. Einkennisorð skólans eru *menntun, gleði, umhyggja, framfarir*. Lögð er áhersla á að þessi hugtök setji mark sitt á allt starf í skólanum. Í rýnihópaviðtölum kom fram að hagsmunaaðilar eru meðvitaðir um skólastefnu Brekkuskóla.

Stefna skólans tekur tillit til mannréttinda samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafla 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnun Brekkuskóla miðar fyrst og fremst að því að skólastarfið gangi fram öllum til heilla. Í fyrir-rúmi er umhyggja fyrir nemendum og starfsfólki. Skólastjóri stuðlar að samhljómi meðal kennara, nemenda, starfsfólks og foreldra um stefnu og starfshætti.

Stjórnendur skólans hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu. Stjórnendur fylgjast með námi og kennslu, þó ekki reglulega. Þeir fara ekki reglulega í kennslustundir en veita endurgjöf fyrir vel unnin störf þegar þeim finnst við eiga.

Styrkleikar

- Skólastjóri stuðlar að samhljómi meðal kennara, nemenda, starfsfólks og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Stjórnendur skólans hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Að fara reglulega í kennslustundir og veita endurgjöf fyrir vel unnin störf.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Skipurit yfir fyrirkomulag stjórnunar í Brekkuskóla lá ekki fyrir þegar matsmenn voru á vettvangi en þeir fengu það í hendur síðar.

Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir. Ekki er tiltæk skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna að öðru leyti en því sem fram kemur í ráðningarsamningum og á launaskýrslum.

Starfsþróunarsamtöl eru sett upp fyrir alla starfsmenn – það er reynt að ná til allra. Jafnréttisáætlun liggur fyrir. Jafnrétti í víðum skilningi er ein af grunnstoðum hvefarr stofnunar. Til fyrirmyndar er að vera með ítarlega jafnréttisáætlun til tveggja ára í senn með markmiðum, aðgerðum og ábyrgðaraðilum. Rætt er um móttöku nýrra starfsmanna í kafla á heimasíðu sem tengist starfsmannastefnu, þó er ekki beint um móttökuáætlun að ræða. Stuðst er við verklagsreglur frá Akureyrarbæ um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.

Reglur hafa verið settar um upplýsingagjöf um nemendur. Unnið er eftir verklagsreglum frá Akureyrarbæ um skjalastjórnun. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu, einnig kennaranemar. Gæta þarf þess að enginn sleppi s.s. verktakar sem eru við vinnu í skólanum o.fl.

Styrkleikar

- Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara.
- Starfsþróunarsamtöl eru sett upp fyrir alla starfsmenn.
- Jafnréttisáætlun er til staðar í Brekkuskóla.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf að allir starfsmenn fái starfsþróunarsamtal einu sinni á ári.
- Gæta þarf þess að verktakar o.fl. sem eru við vinnu í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og aðilar ræða reglulega um áherslur. Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum á aldurstigum og/eða árgöngum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Nokkuð vantar upp á að allt starfsfólk skólans séu virkir aðilar að þessu samstarfi.

Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar en nokkuð vantar upp á að fundargerðir séu aðgengilegar hagsmunaaðilum. Stjórnendur hvetja starfsfólk til samvinnu og samráðs, líka þvert á starfsstéttir. Fjölga þarf starfsmannafundum frá því nú er til að gefa starfsstéttum kost á að skapa farveg fyrir upplýsingamiðlun, samráð og samvinnu.

Faglegt samstarf og samskipti við skóla á öðrum skólastigum s.s. leikskóla og framhaldsskóla eru regluleg og skráð. Samstarf við grenndarsamfélagið er margvíslegt s.s. við tónlistarskóla og minjasafn o.fl. en ekki skráð.

Styrkleikar

- Stjórnendur hvetja starfsfólk til samvinnu og samráðs.
- Faglegt samstarf kennara fer fram í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Faglegt samstarf og samskipti við skóla á öðrum skólastigum eru regluleg og skráð.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf að allt starfsfólk skólans séu virkir aðilar að samstarfi með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Skrá þarf samskipti skólans við grendarsamfélagið en þau eru mikil og margvísleg.

Skólaþróun

Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein meginforsenda fyrir árangursríku þróunarstarfi. Stöðugt er unnið að þróun skólafélagsins í Brekkuskóla með hag barna að leiðarljósi. Þróunar- og/eða umbótaáætlun liggur ekki fyrir.

Símenntunarstefna 2015–'16 liggur fyrir og tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans og sveitarfélagsins en tekur einnig tillit til þarfa einstakra starfsmanna og miðar að því að efla þá í starfi. Ekki verður séð í símenntunarstefnu hvernig einstaklingar sækja símenntun. Ekki hefur verið lögð vinna í að gera þróunar- og/eða umbótaáætlun fyrir skólann og því verður ekki séð hvort samræmi sé milli umbótaáætlunar og símenntunarstefnu.

Stjórnendur hafa frumkvæði að og hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sem nýtist. Stjórnendur bera ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Styrkleikar

- Stöðugt er unnið að þróun skólafélagsins í Brekkuskóla með hag barna að leiðarljósi.
- Símenntunarstefna 2015–'16 liggur fyrir og tengist hún þróunar- og umbótastarfi innan skólans.

Tækifæri til umbóta

- Leggja þarf vinnu í að gera þróunar- og/eða umbótaáætlun fyrir skólann og gæta þess að hún sé tilbúin fyrir hvert skólaár.
- Koma þarf fram í símenntunaráætlun hvernig einstaklingar sækja símenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans, hún er lögð fyrir skólaráð til umsagnar fyrir skólanefnd til staðfestingar. Starfsáætlunin birtir að mestu þau viðmið sem eru í aðalnámskrá og gefur nokkuð tæmandi upplýsingar um skólafélagið.

Námsáætlanir/námsvísar eru til staðar og gefa góðar upplýsingar um nám bekkja og námshópa fyrir skólaárið 2015–'16. Námsáætlanirnar eru ekki aðgengilegar hagsmunaaðilum í skólanámskrá eins og reglugerð gerir ráð fyrir.

Allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins koma að stefnumótun og þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

Styrkleikar

- Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans.
- Námsáætlanir/námsvísar eru til staðar og gefa góðar upplýsingar um nám bekkja og námshópa fyrir skólaárið 2015–'16.

Tækifæri til umbóta

- Leggja þarf vinnu í að skipuleggja efnistöð í starfsáætlun með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.
- Gera þarf námsáætlanirnar aðgengilegar hagsmunaaðilum og birta í skólanámskrá eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá og stundatafla nemenda er með eðlilegum hléum. Mikið er um samstarf innan árganga og er stundaskrá bekkjanna sett upp í blokkir til að auðvelda samstarfið innan þeirra. Ekki er mikið um að skólinn nýti svigrúm viðmiðunarstundaskrár t.d. til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri. Það hefur þó komið fyrir í valáföngum en þá vegna skipulags skólastarfsins frekar en nemenda.

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.–10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína hver á sínu áhugasviði. Nemendur eiga kost á að stunda listnám, íþróttir og aðra tómsundaiðju sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi. Þátttaka nemenda í íþróttastarfi eða skipulegt nám við framhaldsskóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

Styrkleikar

- Mikið er um samstarf innan árganga.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.–10. bekk.
- Þátttaka nemenda í íþróttastarfi eða skipulegt nám við framhaldsskóla er metið til valgreina

Tækifæri til umbóta

- Skoða mætti hvort ekki felist sóknarfæri í því fyrir skólann að nýta svigrúm viðmiðunarstundaskrár meira en gert er.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur í skólanámskrá skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Agastjórnun í Brekkuskóla byggir á agastefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“ og mótar stefnan mjög umgengnisvenjur og öll samskipti manna í skólanum. Á heimasíðu undir heitinu „Umgengni og hegðun“ er að finna bækling sem ber heitið „Umgengisreglur og skýr mörk“. Þar er að finna skólareglurnar sem eru skýrt fram settar ásamt viðurlögum við agabrotum sem eru lausnamiðuð. Nemendur taka þátt í að móta skólareglurnar. Þær eru ekki sýnilegar á veggjum skólans en bekkjarreglur/bekkjarsáttmálar eru nánast í öllum kennslustofum og taka nemendur þátt í að móta þær.

Forvarnaráætlun er aðgengileg á heimasíðu. Í henni er að finna áætlun skólans í fíknivörnum o.fl. Áætlunin byggir á forvarnarstefnu Akureyrarbæjar. Eineltisáætlun er til staðar og byggir hún á eineltisstefnu Olweusar. Gera þarf áætlun um sérkennslu árlega og birta á heimasíðu. Gerð hefur verið áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir í starfsáætlun en ekki fyrir nemendur með sérþarfir eða annað tungumál en íslensku.

Styrkleikar

- Skólasamfélagið hefur í skólanámskrá skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum.
- Agastjórnun í Brekkuskóla byggir á agastefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“ og mótar stefnan mjög umgengnisvenjur og öll samskipti manna í skólanum.
- Eineltisáætlun er til staðar og byggir hún á eineltisstefnu Olweusar.

Tækifæri til umbóta

- Einfalda aðgengi hagsmunaaðila að skólareglunum með því að breyta yfirheiti þeirra í „Skóla-reglur“ á heimasíðu.
- Gera árlega áætlun um sérkenntu og stuðning og birta á heimasíðu.
- Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð er til staðar í Brekkuskóla fullskipað eins og lög gera ráð fyrir. Í starfsáætlun skólans er fjallað um skólaráð og starfsáætlun þess birt. Ekki kemur fram í starfsáætlun að kjörtímabil í skólaráði er tvö ár en getið er um að aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sitji fundi skólaráðs. Fulltrúar foreldra eiga sér bakland í foreldrafélaginu. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá en fundargerðir eru ekki aðgengilegar á heimasíðu.

Stjórnendur vinna með foreldrafélagi sem er virkur samstarfsaðili skólans og hefur félagið fundaraðstöðu í skólanum. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum námshópi/aldursárgangi sem vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara.

Styrkleikar

- Í starfsáætlun skólans er fjallað um skólaráð og starfsáætlun þess birt.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélagi skólans.
- Stjórnendur vinna með foreldrafélagi sem er virkur samstarfsaðili skólans.

Tækifæri til umbóta

- Hafa fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á heimasíðu.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega valdir og til tveggja ára í senn.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Allt samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans s.s. með morgunfundum, viðtölum, á Mentor og námskynningum í byrjun anna o.fl.

Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið þó ekki í gegnum heimasíðu skólans sem þeir nota lítið eins og fram kom í rýnivíðtali við foreldra. Námsvísar/kennsluáætlanir eru til staðar fyrir alla námshópa og eru þeir aðgengilegir foreldrum í Mentor en ekki birtir á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda.
- Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið.
- Námsvísar/kennsluáætlanir eru til staðar fyrir alla námshópa.

Tækifæri til umbóta

- Skoða hvers vegna foreldrar nota heimasíðu skólans ekki mikið.
- Gera námsvísa/kennsluáætlanir aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila og birta á heimasíðu skólans.

Svið II – Nám og kennsla

Skólafélag Akureyrar byggir á fjórum hornsteinum sem eru *þekking, leikni, virðing, vellíðan*. Í stefnu bæjarins er hvatt til metnaðar í skólastarfi og að skólarnir komi til móts við fjölbreyttar þarfir einstaklinganna. Þá er kveðið á um að umhverfi nemenda sé skipulagt þannig að það stuðli að sköpunargleði og námsáhuga.

Skipulag kennslu við Brekkuskóla er að mestu leyti hefðbundið þannig að hver árgangur starfar saman en 7. og 8. árgangur vinna saman í teymi. Mikil áhersla er á að sinna hverjum einstaklingi sem best á hans forsendum.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólinn er án aðgreiningar, sérhver nemandi fær nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Skólanámskrá er ekki birt sem heildstætt rit en flestallir þættir sem aðalnámskrá kveður á um eru á heimasíðu. Námsvísar eru birtir sem kennsluáætlanir á Mentor en ekki aðgengilegir öðrum. Í þeim eru gerð góð skil á grunnþáttum menntunar, hvernig þeir fléttast inn í allar námsgreinar og námmatið byggt á lykilhæfni. Í rýnihópum kom fram að innihald námsvísa/árganganámskráa er ekki mjög ljóst í vitund nemenda og foreldra.

Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda og á heimasíðu er vakin athygli á fjölbreyttum árangri nemenda svo og árangri í könnunum og á samræmdum könnunarprófum. Fylgst er markvisst með árangri nemenda með það að markmiði að hann haldist góður.

Styrkleikar

- Leitast er við að hver nemandi fái nám og kennslu miðað við hæfni og þroska einstaklingsins.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum og sjást í starfi skólans og námi nemenda.
- Flestir þættir skólanámskrár eru aðgengilegir hagsmunaaðilum á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Birta skólanámskrá í heild sinni á heimasíðu, þ.m.t. námsvísa.
- Kynna námsvísa og notkun þeirra fyrir nemendum og foreldrum svo þeir verði virkt „afl“ í öllu skólastarfi.

Skipulag náms og námsumhverfi

Í námsvísunum eru viðmið um hæfni í námi og markmið sem sýna stigvaxandi kröfur og samhengi í námi. Gerð er grein fyrir námsmati en ekki viðmiðum um námsmat nema að litlu leyti. Samfella er í námi nemenda milli skólastiga. Nemendur á unglíngastigi hafa fjölbreytt val um námsgreinar í um fimmtungi námstímans en á öðrum stigum var ekki mikið um það í vettvangsathugnum að nemendur hefðu val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar en þó um útfærslu verkefna eins og t.d. í verklegum greinum.

Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Heimanám er mjög lítið á yngri stigum nema lestur. Á unglíngastigi er hugað að því að heimanám dreifist sem jafnast. Foreldrasamtöl eru regluleg þar sem nemandi og foreldri hitta umsjónarkennara og ræða nám og líðan. Í starfsáætlun kemur fram að nemendasamtöl milli umsjónarkennara og nemanda eigi sér stað á hverri önn en skv. rýnihópi kennara eru þau ekki reglulega í öllum árgöngum.

Styrkleikar

- Námsvísar sýna stigvaxandi kröfur í námi.
- Samstarf um nám milli skólastiga er skráð og virkt.
- Nemendum á unglingsstigi gefst kostur á fjölbreyttum valáföngum.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámskrá.
- Huga að því að gefa nemendum á yngsta stigi og miðstigi enn meira val um viðfangsefni og námsaðferðir.
- Hafa nemendasamtöl reglulega þar sem umsjónarkennari ræði við hvern nemanda sinn um nám og líðan.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræði og menntastefna endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Námsseiningar og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Leitast er við að samþætta námsgreinar á öllum stigum. Má þar nefna samþættingu í *Byrjendalæsi* á yngsta stigi, íslensku og samfélagsfræði á miðstigi og dönsku og upplýsingamennt á unglingsstigi.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða og markmiðum náms. Nemendur læra að vinna sjálfstætt en samvinna og samstarf nemenda er markvisst notað til náms og kennslu og kom það fram í um þriðjungu kennslustunda á vettvangi.

Í vettvangsathugunum voru umræður og skoðanaskipti ekki mikill hluti af námi og kennslu en vinnubrögð valin með tilliti til markmiða og verkefna hverju sinni. Endurgjöf kennara á vinnu nemenda er leiðbeinandi, regluleg og markviss. Námsmat fer fram með fjölbreyttum hætti og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum. Hluti af námsmati eru námsferilsmöppur þar sem nemendur safna verkefnum yfir veturinn og eru einstök verkefni hluti af námsmati í 1.-10. bekk. Sett hafa verið upp viðmið um hvað möppurnar eiga að innihalda og halda umsjónarkennarar utan um möppuna með umsjónar-nemendum sínum. Nemendur fá möppuna til eignar þegar þeir útskrifast. Að öllu jöfnu var ekki rætt um markmið kennslustunda á vettvangi en nemendum gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni.

Í rýnihópum og á vettvangi kom fram að oftast væru nemendur að fást við krefjandi viðfangsefni við hæfi hvers og eins en þar mætti þó gera enn betur að mati viðmælenda, þá einkum varðandi bráðgera nemendur. Dæmi voru þó um að nemendur væru að vinna að verkefnum og fengju að sitja í kennslustundum, þar sem innlagnir voru fyrir nemendur sem voru tveimur árum eldri.

Styrkleikar

- Samþætting námsgreina er til staðar á öllum stigum.
- Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað.
- Námsmat fer fram með fjölbreyttum hætti og tengist hæfniviðmiðum.
- Á ýmsan hátt er leitast við að koma til móts við hvern og einn með krefjandi verkefnum.

Tækifæri til umbóta

- Hvetja til enn meiri umræðna og skoðanaskipta sem hluta af námi og kennslu.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Leitast við að allir nemendur fái krefjandi námsefni við hæfi í öllum greinum á öllum stigum.

Námshættir og námsvitund

Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og má þar nefna upplýsingatækni sem nemendur nýttu sér á vettvangi í um 15% kennslustunda. Í Skólápúlsi á síðasta skólaári kom fram að trú nemenda á eigin vinnubrögð voru nálægt landsmeðaltali en trú á eigin námsgetu undir landsmeðaltali.

Í rýnihópi nefna nemendur ýmsar greinar sem „skemmtilegastar“ svo sem stærðfræði, listgreinar og íþróttir. Nemendum í rýnihópi finnst best að vinna með öðrum, „helst á hringborði“ segja nemendur en fer þó eftir námsgreinum. „Stundum er best að vera einn og ekki truflaðir af neinum“, segja nokkrir.

Ekki virðist almennt boðið upp á að nemendur vinni verkefni á sínu áhugasviði nema í valgreinum á unglíngastigi.

Styrkleikar

- Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum og með fjölbreyttum aðferðum.
- Nemendur nýta upplýsingatækni við að afla sér þekkingar og leikni.
- Nemendur þekkja eigin styrkleika í námi.

Tækifæri til umbóta

- Auka val nemenda um verkefni, m.a. eftir áhugasviði og einnig val þeirra um leiðir í námi.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Nemendur tjá sig um málefni sem snerta þá og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. Tækifæri þeirra til þess eru m.a. á vikulegum bekkjarfundum, í skólaráði, í nemendaráði og á árlegum skólaþingum þar sem fulltrúar nemenda sitja. Skólastjóri og námsráðgjafi sitja fundi í nemendaráði svo þar eru bein tengsl til að koma málefnum áfram. Í rýnihópi kom þó fram að nemendur gerðu sér ekki vel grein fyrir þeim áhrifum sem þeir geta haft og hafa.

Á bekkjarfundum fá nemendur kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hlusta og taka tillit til skoðana annarra. Í rýnihópi kom fram að á fundum skólaráðs væri þess vel gætt að nemendur væru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvörðunum. Nemendur í skólaráð og nemendaráð eru kosnir lýðræðislegri kosningu. Fundargerðir skólaráðs eru ekki á heimasíðu og því ekki aðgengilegar öðrum nemendum en ákvörðunum nemendaráðs er komið á framfæri innan bekkjanna.

Almennt ríkir í skólanum jákvæður andi samstarfs og virðingar.

Styrkleikar

- Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda sem þeir koma á framfæri á ýmsan hátt.
- Skólaráð starfar þannig að fulltrúar nemenda eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Birta fundargerðir skólaráðs til þess að ákvarðanir þess verði sýnilegar öðrum nemendum.
- Gera nemendum ljóst hvaða áhrif þeir geta haft á nám sitt og námsaðstæður.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda þegar við á en þeim eru ekki ljós markmið hvað varðar námseiningar í heild sinni. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi og fulltrúar nemenda í rýnihópi gátu nefnt dæmi því til stuðnings.

Við gerð einstaklingsnámskráa eru foreldrar með í ráðum við setningu markmiða barna sinna og fylgjast með námsframvindu á reglulegum fundum. Nemendur á eldri stigum eru einnig með á þeim fundum. Í foreldraviðtölum sem eru tvisvar á vetri, er rætt um námsmarkmið og líðan nemenda. Að öðru leyti taka nemendur ekki beint þátt í að setja sér námsmarkmið nema þeir sem fá einstaklingsnámskrár.

Í rýnihópum kom fram að nemendur taka þátt í að meta eigin vinnu t.d. þegar um hópavinnu er að ræða. Viðmið um árangur eru opinber, þ.e. hvernig námsmat er byggt upp, en það var ekki ljóst í vitund nemendanna.

Styrkleikar

- Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda þegar við á.
- Nemendum er kennt að setja sér markmið í námi.
- Foreldrar og nemendur, þegar við á, taka þátt í gerð einstaklingsnámskráa.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum varðandi námseiningar í heild sinni.
- Huga að því að gefa nemendum meiri tækifæri til að taka þátt í að setja sér námsmarkmið.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í skóla án aðgreiningar ríkir ákveðið viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi óháð atgervi þeirra og stöðu. Þetta birtist í öllu skólastarfi Brekkuskóla þar sem borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum.

Námsframboð, eins og kemur fram í námsáætlunum, mætir fjölbreyttum þörfum og áhuga nemenda.

En á vettvangi sáust ekki mörg verkefni þar sem áhugi nemenda endurspeglast beint í viðfangsefnum nema í valáföngum unglinga.

Kennarar meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum. Við gerð einstaklingsnámskráa eru nemendur og foreldrar með í ráðum um námsmarkmið.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.
- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum.
- Staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt og nám lagað að niðurstöðum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því á öllum stigum að leitast við að höfða til áhugasviða og hæfileika nemenda við val á viðfangsefnum.

Stuðningur við nám

Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Skrá yfir þessar skimanir er að finna á heimasíðu skólans. Ekki er skráð hvernig bregðast á við niðurstöðum kannana og skimana en hins vegar kom fram í viðtölum, bæði í rýnihópum og við einstaklinga að það er markvisst gert.

Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi og einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þessa þurfa. Ef um mikil frávik er að ræða eru mynduð teymi til að styðja við þá einstaklinga og þar sitja stjórnandi, umsjónarkennari, sérkennari, foreldri og stundum nemendur, svo og viðeigandi sérfræðingar frá skóladeild Akureyrar.

Árangur stuðnings er metinn markvisst og reglulega og endurskipulagður ef þarf. Þegar spurt var í rýnihópum hvernig komið væri til móts við bráðgera nemendur voru svörin oftast á þá leið að þar mætti gera betur. Þó kom fram, bæði í rýnihópum og á vettvangi, að á ýmsan hátt er þessum nemendum sinnt vel. Gleggsta dæmið um það var nemandi í 6. bekk sem var með námsefni í stærðfræði fyrir 8. bekk og fékk að sitja með 8. bekkingum í innlagnartímum.

Styrkleikar

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Listi yfir kannanir og skimanir allra aldurshópa er á innra neti skólans.
- Nemendur og foreldrar eru upplýstir og taka þátt í að ákveða form og eðli sérúrræða eins og kostur er.
- Reglulega er allur stuðningur og sérkennsla endurmetinn.

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats og birta hagsmunaaðilum.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Í skólustefnu Akureyrarbæjar kemur fram að: „*í góðum skóla er formlegt og sýnilegt sjálfsmatskerfi sem tekur mið af aðalnámskrá, skólustefnu og skólanámskrá*“. Í stefnu og sýn Brekkuskóla kemur fram að skólastarfi skuli ætíð uppfylla ströngustu kröfur, vera í sífelldri endurskoðun og allir þættir skólastarfsins stöðugt metnir og þróaðir.

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Langtímaáætlun (3–5 ár) um það hvernig staðið skuli að innra mati í skólanum er ekki til staðar en drög eru í vinnslu. Ekki liggur fyrir í starfsáætlun skólans hvernig staðið skuli að innra mati á líðandi skólaári. Reglulegt innra mat fer fram á ýmsum þáttum skólastarfsins s.s. með Skólapúlsinum, tengsla-könnunum, námsmati o.fl.

Ekki verður séð í starfsáætlun hvaða aðilar halda utan um innra mat skólans í umboði skólastjóra. Í rýnihópaviðtölum kom fram að matshópur er starfandi sem er skipaður kennurum og stjórnanda.

Innra mat er hluti af daglegu starfi kennara og annarra starfsmanna. Lögð er áhersla á að meta nám og kennslu með reglubundnum hætti.

Innra mat er markmiðsbundið

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. En þar sem ekki er til matsáætlun til nokkurra ára þar sem markmið og skilgreind viðmið koma fram, er ekki hægt að sjá að öll markmið skólanámskrár séu metin reglubundið með einhverjum hætti. Grunnþættir í menntun, markmið og áherslupættir grunnskólalaga og skólustefna viðkomandi sveitarfélags endurspeglast í markmiðum starfsáætlunar og birtast þannig í innra mati.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati s.s. samræmd próf, PISA o. fl.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Starfsfólk, nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur í innra mati s.s. á skólaþingum og í Skólapúlsi. Niðurstöður úr Skólapúlsi er að finna á heimasíðu og niðurstöðurnar eru ræddar á kennara-/starfsmannafundum svo og í skólaráði.

Styrkleikar

- Í stefnu og sýn Brekkuskóla kemur fram að allir þættir skólastarfsins skuli stöðugt metnir og þróaðir.
- Reglulegt innra mat fer fram á ýmsum þáttum skólastarfsins þó það sé ekki kerfisbundið.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf langtímaáætlun um innra mat og birta á heimasíðu þar sem kemur fram að allir þættir skólanámskrár eru metnir.
- Vinna þarf matsáætlun fyrir líðandi skólaár og birta á heimasíðu.
- Skipa þarf matshóp sem skipaður er fulltrúum hagsmunaaðila skólans og birta á heimasíðu.
- Gera árlega skýrslu/greinargerð um helstu leiðir í innra mati og niðurstöður þess.

Umbótastarf í kjölfar innra mats***Innra mat er opinbert***

Áætlanir og greinargerðir um innra mat er ekki að finna á heimasíðu. Kynningar úr innra mati fara fram á kennarafundum og eru ræddar þar og einnig umbætur. Niðurstöður eru kynntar og ræddar á starfsmannafundum og í skólaráði.

Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Umbóta og þróunarstarf einkennist af samvinnu hagsmunaaðila.

Innra mat er umbótamiðað

Umbætur hafa ekki verið skilgreindar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum. Í rýnihópi skólaráðs kom fram að ráðið hafi komið að Skólapúlsinum og tekið þátt í umræðu um þróun og umbætur í skólastarfi tengt innra mati. Í öllum rýnihópaviðtölum voru nefnd dæmi um umbætur í skólastarfinu í kjölfar innra mats.

Umbótaáætlun með viðmiðum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og hvenær meta á umbætur fyrir skólaárið 2015–'16 hefur ekki verið lögð fram.

Styrkleikar

- Kynningar úr innra mati fara fram á kennara- og starfsmannafundum og umbætur ræddar.
- Skólaráð hefur tekið þátt í umræðu um þróun og umbætur í skólastarfi í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Birta þarf greinargerðir og áætlanir um innra mat á heimasíðu og kynna formlega öllum hagsmunaaðilum.
- Gera þarf umbótaáætlun með ábyrgðaraðilum, viðmiðum og tímasetningum um það hvenær meta á umbætur, byggða á niðurstöðum úr inna mati.

Svið IV – Skólabragur

Skólabragur er nefndur í 30 gr. laga um grunnskóla:

Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.

Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengi, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi þáttur var ákveðinn af stjórnendum Brekkuskóla og fulltrúum á skóladeild Akureyrar. Allir rýnihópar fengu spurningar um þennan þátt og einnig leituðust matsmenn við að hafa hann til skoðunar hvar sem var á vettvangi. Þá var einnig tekið einstaklingsviðtal við námsráðgjafa vegna hans.

Stefna og viðhorf

Jákvæður skólabragur einkennir allt skólastarfið. Gildi skólans, bæði þau sem felast í Uppbyggingarstefnunni og einkunnarorð skólans, endurspeglar jákvæð viðhorf og væntingar. Með þeim hefur skólinn mótað heildstæða stefnu um góðan skólabrag sem einkennist af því að hagsmunir barna eru hafðir að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og búa sig undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsum þjóðfélagi.

Í rýnihópum kom fram að foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans, þeir eru virkir samstarfsaðilar og samskiptin einkennast af virðingu og gagnkvæmu trausti.

Í skólanum ríkir það viðhorf að allir séu samábyrgir fyrir góðu skólastarfi og áhersla á öryggi og jafnan rétt allra nemenda. Reglulega eru gerðar kannanir í Skólalámskrá um líðan nemenda, hún er einnig rædd í hefðbundnum foreldraviðtölum en ekki er um markviss og regluleg samtöl að ræða milli umsjónarkennara og nemenda.

Starfsfólk, nemendur og foreldrar hafa tekið þátt í að móta stefnu um jákvæðan skólabrag, bæði með því upphaflega að velja stefnuna *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga* og einnig með samræðum á árlegum skólalámskráum.

Styrkleikar

- Skólabragur einkennist af samvinnu, skuldbindingu og ábyrgð allra í skólasamfélaginu.
- Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnu skólans ásamt leiðum til að viðhalda góðum skólabrag.
- Hagsmunir nemenda eru ævinlega í fyrirrúmi og áhersla á jafnan rétt allra.

Tækifæri til umbóta

- Að umsjónarkennarar hafi regluleg samtöl við alla sína nemendur þar sem m.a. er rætt um námsframvindu og líðan.

Líðan nemenda

Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er með skipulögðum hætti að því að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmýnd nemenda. Unnið er að þessum þáttum á ýmsan hátt. Má þar nefna vikulega bekkjarfundi, hópanámskeið hjá námsráðgjafa, ýmis verkefni tengd Uppbyggingarstefnu svo sem gerð bekkjarsáttmála í samstarfi nemenda og umsjónarkennara.

Í starfsáætlun skólans stendur meðal annars: „*markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra*“ og áherslur samstarfs skóla og heilsugæslu um heilbrigði koma fram í skólanámskrá en einnig sáust dæmi þess á vettvangi. Nefna má samvinnu íþróttakennara og hjúkrunarfræðingsins varðandi nemendur sem falla undir það að vera í ofþyngd. Það tiltekna verkefni var unnið í samvinnu við foreldra og nemenda.

Reglulega er lagt mat á líðan og samskipti nemenda í skólanum. Það er gert bæði með könnunum í Skólalóði og í tengslum við *Olweusaráætlun*. Skólinn hefur mótað verklag til að bregðast við ef nemendur búa við líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi í skólastarfinu. Bæði er það gert með tengsla-könnunum innan skóla, áður nefndum könnunum á líðan nemenda, í samræðum, með ferli sem tilheyrir *Olweusaráætlun* og í samstarfi við félagsmálafyrirvöld.

Skipulag á skólalóð hvetur til hreyfingar og hugað er að jafnvægi milli vinnu, hvíldar og næringar. Ekki kemur fram í símenntunaráætlun að heilbrigði sé meðal áherslupátta í símenntun starfsmanna. En góð líðan starfsmanna tengist líðan nemenda.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um hvernig unnið er með ýmsa þætti sem snerta líðan og jákvæðan skólabrag.
- Sérstaklega er unnið að sjálfstyrkingu nemenda.
- Áhersla er á samstarf skóla og heilsugæslu.
- Verkferlar eru til um viðbrögð við niðurstöðum þegar vísbendingar eru um að nemendum líði ekki vel.

Nemendalýðræði

Félagsfærni nemenda er eflað með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Það er gert á ýmsan hátt eins og með bekkjarfundum, í samráðsfundum með foreldrum og nemendum, með þátttöku í skólaráði og nemendaráði.

Fulltrúar nemenda í nemendaráði eru tveir úr hverjum bekk eða fjórir úr árgangi og kosnir með lýðræðislegum hætti. Þeir kjósa sér síðan formann og ritara. Nemendaráð fundar reglulega og skólastjóri og námsráðgjafi sitja fundina. Í skólaráð er einnig kosið með lýðræðislegum hætti og lýðræði endurspeglast í kennsluháttum og virkni nemenda á vettvangi.

Styrkleikar

- Félagfærni nemenda er eflað á ýmsan hátt.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði og nemendaráði eru kjörnir með lýðræðislegum hætti.
- Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda sem þeir koma á framfæri á ýmsan hátt.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólinn hefur gert áætlun gegn einelti þar sem eru samræmdar forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum; *Olweusaráætlun*. Forvarnarfulltrúar frá Rósenborg, sem er aðsetur samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar, eru með forvarnaráætlun fyrir alla aldursflokka og vinna í nánu samstarfi við skólann. Starfsmenn þaðan sjá um forvarnarfræðsluna.

Skólareglur skólans; *Umgengnisreglur og skýr mörk*, er að finna á heimasíðu skólans. Þar eru almennar skólareglur og viðurlög við þeim. Þær reglur eru endurskoðaðar árlega og síðast í fyrra var t.d. breyting vegna netnotkunar í skóla sem unnið var í samstarfi við nemendaráð. Foreldrar hafa ekki beina aðkomu að endurskoðun þeirra. Hver bekkur setur sér síðan svokallaðan bekkjarsáttmála sem er tengdur Uppbyggingarstefnunni. Þarfahringur stefnunnar er áberandi í kennslustofum en ekki almennu skólareglurnar.

Styrkleikar

- Allir nemendur fá fræðslu um forvarnir.
- Eineltisáætlun er til staðar og virk í notkun.
- Bekkjarreglur eru sýnilegar í skólastofum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að allir hagsmunaaðilar eigi hlutdeild í endurskoðun skólareglna.
- Að kynna og ræða skólareglur reglulega með starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Brekkuskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Jákvæður skólabragur er einnennandi fyrir skólann.

Styrkleikar í stjórnun

Skólastjóri stuðlar að samhljómi meðal kennara, nemenda, starfsfólks og foreldra um stefnu og starfs hætti. Agastjórnun í Brekkuskóla byggir á agastefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“ og mótar stefnan mjög umgengnisvenjur og öll samskipti manna í skólanum. Stjórnendur hvetja starfsfólk til samvinnu og samráðs. Starfsþróunarsamtöl eru sett upp fyrir alla starfsmenn. Námsáætlanir /námsvísar eru til staðar og gefa góðar upplýsingar um nám bekkja og námshópa fyrir skólaárið 2015–16. Jafnréttisáætlun er til staðar í Brekkuskóla.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Leggja þarf vinnu í að skipleggja efnistöð í starfsáætlun með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámsskrá.
- Gera þarf námsáætlanirnar aðgengilegar hagsmunaaðilum og birta í skólanámsskrá eins og aðalnámsskrá gerir ráð fyrir.
- Leggja þarf vinnu í að gera þróunar- og/eða umbótaáætlun fyrir skólann hvert skólaár.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega valdir til tveggja ára í senn og hafa fundargerðir ráðsins aðgengilegar á heimasíðu.
- Skoða hvers vegna foreldrar nota heimasíðu skólans ekki mikið.

Styrkleikar í námi og kennslu

Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi og leitast við að hver nemandi fái nám og kennslu miðað við hæfni og þroska. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt.

Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í kennsluáætlunum/námsvísunum og sjást í starfi skólans og námi nemenda. Samþætting námsgreina er til staðar á öllum stigum og námsmat fer fram með fjölbreyttum hætti.

Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda sem þeir koma á framfæri á ýmsan hátt svo sem á bekkjarfundum, á skólaþingum, í nemendaráði og skólaráði. Nemendur og foreldrar eru upplýstir og taka þátt í að ákveða form og eðli sérúrræða eins og kostur er.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Birta skólanámsskrá í heild sinni á heimasíðu, sbr. viðmið í aðalnámsskrá, þ.m.t. námsvísa/árganganámsskrár.
- Skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats og birta hagsmunaaðilum.
- Hvetja til enn meiri umræðna og skoðanaskipta sem hluta af námi og kennslu.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og varðandi námseiningar í heild sinni.
- Huga að því á öllum stigum að leitast við að höfða til áhugasviða og hæfileika nemenda við val á viðfangsefnum.

Styrkleikar í innra mati

Í stefnu og sýn Brekkuskóla kemur fram að allir þættir skólastarfsins skuli stöðugt metnir og þróaðir. Reglulegt innra mat fer fram á ýmsum þáttum skólastarfsins þó það sé ekki kerfisbundið. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Kynningar úr innra mati fara fram á kennara- og starfsmannafundum og umbætur ræddar. Skólaráð tekur þátt í umræðu um þróun og umbætur í skólastarfi í kjölfar innra mats.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Skipa þarf matshóp sem skipaður er fulltrúum hagsmunaaðila skólans og birta á heimasíðu.
- Gera þarf langtímaáætlun um innra mat og birta á heimasíðu þar sem kemur fram að allir þættir skólanámskrár eru metnir.
- Birta þarf greinargerðir og áætlanir um innra mat á heimasíðu og kynna formlega öllum hagsmunaaðilum.
- Gera þarf umbótaáætlun með ábyrgðaraðilum, viðmiðum og tímasetningum um hvenær meta á umbætur, byggða á niðurstöðum úr innra mati.

Styrkleikar varðandi skólabrag

Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag, bæði með þeim einkunnarorðum sem skólasamfélagið hefur sett sér svo og með gildum sem unnið er eftir skv. Uppbyggingarstefnunni. Skólabragurinn einkennist af samvinnu og ábyrgð allra í skólasamfélaginu.

Hagsmunir nemenda eru ævinlega í fyrirrúmi og áhersla á jafnan rétt allra. Eineltisáætlun er til staðar og virk í notkun og allir nemendur fá fræðslu um forvarnir. Jafnréttisáætlun nær til ársins 2017 og henni fylgir nákvæm aðgerðaráætlun. Bekkjarreglur eru unnar í samstarfi nemenda og umsjónarkennara og sýnilegar í öllum skólastofum.

Fulltrúar nemenda í skólaráði og nemendaráði eru kjörnir með lýðræðislegum hætti og raddir nemenda heyrast víðar svo sem á bekkjarfundum og á skólapingum.

Tækifæri til umbóta varðandi skólabrag

- Huga að því að allir hagsmunaaðilar eigi hlutdeild í endurskoðun almennra skólareglna.
- Að kynna og ræða skólareglur reglulega með starfsfólki, nemendum og foreldrum.
- Að umsjónarkennarar hafi regluleg samtöl við alla sína nemendur þar sem rætt er við þá einlega um nám og líðan.

Frekari greining Brekkuskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.


Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 33 kennslustundir þar flestar voru metnar góðar. Nokkrar fengu dóminn má bæta. Engin kennslustund var metin óviðunandi og fjórar kennslustund voru metnar frábærar. Samvinna og einstaklingsvinna



Mynd 1 Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.

Nemendur vinna einir í 61% af þeim kennslustundum sem metnar voru. Notkun upplýsingatækni

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í fimm kennslustundum af 33 sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í sex af þessum stundum.

Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru-tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.


Fræðari - bein kennsla

Kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verk efni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Náms efnið er í forgrunni.

Leiðbeinandi - hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur), eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum, eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.


Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



Mynd 2 Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.

Í 61% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, sem einkennast af beinni yfirfærslu.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara



Mynd 3 Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.

Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustundir. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matsþáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Akureyrarbær. Slóðin er: <http://akureyri.is>

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Brekuskóli. Slóðin er: <http://brekkuskoli.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalpsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

